Akureyrarbær

Ársreikningur

2014

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri
kt. 410169-6229

Akureyrarbær

Ársreikningur

2014

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Akureyrarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 19.526 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 19.032 milljónum króna. Rekstrartekjur A hluta námu 14.154 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 13.758 milljónum króna.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,38% vegna íbúðarhúsnæðis og 1,65% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark þess er 0,625% og 1,65%. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 525 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 449 milljóna króna jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 134 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 37 milljónum króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 16.795 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 11.674 milljónum króna.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 10.966 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 1.552 stöðugildum.

Íbúafjöldi Akureyrarbæjar 1. desember 2014 var 18.195 og fjölgaði um 122 frá fyrra ári.

Ársreikningur Akureyrarbæjar fyrir árið 2014 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Akureyri 26. mars 2015.

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar staðfestir hér með ársreikning Akureyrarbæjar fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Akureyri 2015.

Bæjarstjórn:

Áritun óháðra endurskoðenda

Til bæjarstjórnar Akureyrarbæjar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Akureyrarbæjar fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Akureyrarbæjar á árinu 2014, efnahag hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Akureyri, 2015.

Deloitte ehf.

Hólmgrímur Bjarnason
endurskoðandi

Aðalsteinn Sigurðsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti 2014	Áætlun	2013	Samantekið A og B hluti 2014	Áætlun	2013
Skatttekjur		8.533.749	8.515.000	8.179.332	8.472.895	8.454.000	8.120.677
Framlög jöfnunarsjóðs		2.258.308	2.080.000	2.088.616	2.258.308	2.080.000	2.088.616
Aðrar tekjur		3.361.752	3.163.366	3.319.449	8.794.587	8.498.386	8.531.270
	3	14.153.809	13.758.366	13.587.398	19.525.790	19.032.386	18.740.563
Laun og launatengd gjöld	4	(8.286.962)	(7.527.759)	(7.281.297)	(10.966.205)	(10.071.758)	(9.813.181)
Annar rekstrarkostnaður		(4.958.954)	(4.416.147)	(4.562.636)	(6.111.531)	(5.548.993)	(5.625.500)
Afskriftir	7	(786.782)	(831.311)	(751.273)	(1.298.799)	(1.444.184)	(1.303.796)
		(14.032.698)	(12.775.217)	(12.595.206)	(18.376.536)	(17.064.935)	(16.742.477)
Rekstrarniðurst. án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda		121.111	983.149	992.191	1.149.254	1.967.451	1.998.086
Áhrif hlutdeildarfélaga	9	0	0	0	11.380	0	21.683
Fjármunat. og fjármagnsgjöld	5	(254.976)	(946.174)	(580.415)	(566.610)	(1.435.050)	(959.697)
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta		(133.864)	36.975	411.776	594.024	532.401	1.060.073
Tekjuskattur		0	0	0	(69.349)	(83.097)	(110.004)
Rekstrarafkoma af reglulegri starfsemi		(133.864)	36.975	411.776	524.675	449.304	950.069
Hagnaður af sölu fráveitu		0	0	1.491.832	0	0	0
Rekstrarniðurstaða ársins		(133.864)	36.975	1.903.608	524.675	449.304	950.069

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti 31.12.2014	Sveitarsjóður A hluti 31.12.2013	Samantekið A og B hluti 31.12.2014	Samantekið A og B hluti 31.12.2013
Fastafjármunir					
Viðskiptavild	8	0	0	103.995	132.655
Fasteignir og lóðir	7	20.542.971	19.786.980	22.342.867	21.647.133
Veitukerfi, hafnamannvirki og götur	7	1.335.085	1.122.228	10.076.386	9.841.953
Vélar, áhöld og tæki	7	1.030.291	964.913	1.206.801	1.145.565
Leigðar eignir	7	310.035	356.254	310.035	356.254
Eignarhlutir í dótturfélögum	9	0	0	16.209	43.168
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	9	0	0	195.706	186.565
Eignarhlutir í öðrum félögum	10	485.909	485.909	737.805	718.535
Langtímakröfur	11	75.799	259.284	696.300	808.000
		23.780.091	22.975.568	35.686.105	34.879.828
Veltufjármunir					
Birgðir		85.545	95.586	183.079	195.234
Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur	13	860.668	960.531	1.200.003	1.315.247
Næsta árs- og gjaldf. afb af langtímakröfum	11	11.249	32.121	0	21.494
Kröfur á tengd félög		0	0	8.970	7.294
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		466.266	455.793	0	0
Aðrar skammtímakröfur		141.569	260.155	147.285	291.079
Markaðsverðbréf		0	0	349.291	332.620
Handbært fé		1.213.425	1.154.133	1.821.850	1.832.585
		2.778.723	2.958.319	3.710.478	3.995.553
Eignir		26.558.813	25.933.887	39.396.583	38.875.380
Eignir utan efnahagsreiknings	7				

31. desember 2014

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti 31.12.2014	Sveitarsjóður A hluti 31.12.2013	Samantekið A og B hluti 31.12.2014	Samantekið A og B hluti 31.12.2013
Eigið fé	14				
Eiginfjárreikningur		11.674.457	10.902.123	16.795.116	15.528.754
Eigið fé		11.674.457	10.902.123	16.795.116	15.528.754
Langtímaskuldir og skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbindingar	15	1.238.537	1.025.873	2.006.437	1.722.373
Skuldir við lánastofnanir	16	10.127.013	10.612.793	16.637.002	17.593.908
Leiguskuldir	17	552.321	616.600	552.321	616.600
Tekjuskattsskuldbinding	12	0	0	85.343	72.776
		11.917.871	12.255.266	19.281.103	20.005.657
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir		464.118	407.563	591.034	559.882
Skuldir við eigin fyrirtæki		630.703	496.548	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	586.437	588.492	1.105.456	1.049.634
Næsta árs afborganir leiguskulda	17	70.598	66.433	70.598	66.433
Fyrirfram innheimtar tekjur		210.448	248.025	210.448	248.025
Aðrar skammtímaskuldir		1.004.181	969.437	1.342.828	1.416.995
		2.966.485	2.776.498	3.320.364	3.340.969
Skuldir		14.884.356	15.031.764	22.601.467	23.346.626
Eigið fé og skuldir		26.558.813	25.933.887	39.396.583	38.875.380

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti 2014	Áætlun	2013	Samantekið A og B hluti 2014	Áætlun	2013
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða ársins		(133.864)	36.975	1.903.608	524.675	449.304	950.069
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	7	786.782	831.311	751.273	1.298.799	1.444.184	1.303.796
Hagnaður af sölu eigna		170	0	(89.790)	(2.844)	0	(104.983)
Hagnaður af sölu fráveitukerfis		0	0	(1.491.832)	0	0	0
Niðurf. eignarhl. í öðrum félögum		0	0	0	31.074	0	19.530
Verðb. og gengism. langtímaliða		33.961	502.523	244.942	14.350	696.886	377.576
Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga		0	0	0	(11.380)	0	(21.683)
Skatteign, breyting		0	0	0	48.911	0	68.401
Hækkun skuldbindinga	15	212.664	0	(127.427)	284.064	0	(74.427)
Veltufé frá rekstri		899.713	1.370.809	1.190.774	2.187.648	2.590.374	2.518.279
Br. á rekstrart. eignum og skuldum		137.044	0	(6.683)	86.119	(10.000)	63.277
Handbært fé frá rekstri		1.036.757	1.370.809	1.184.091	2.273.767	2.580.374	2.581.556
Fjárfestingahreyfingar							
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm.		(868.760)	(994.500)	(956.230)	(1.502.697)	(1.841.000)	(1.728.770)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		89.100	0	37.936	89.100	0	48.774
Fjárfesting í dótturfélögum		0	0	0	(38.668)	0	0
Fjárf. í eignarhl. í hlutdeildarfél.		0	0	0	0	0	(4.500)
Fjárf. í eignarhl. í öðrum félögum		0	0	0	(23.385)	0	(11.714)
Markaðsverðbréf		0	0	0	(16.670)	0	(29.232)
Langtímakröfur, breyting		207.432	32.873	245.143	196.707	21.997	23.779
Skammtímakröfur, breyting		93.644	0	(70.786)	93.644	0	134.214
		(478.584)	(961.627)	(743.937)	(1.201.969)	(1.819.003)	(1.567.449)
Fjármögnunarhreyfingar							
Arður til hluthafa		0	0	0	(2.199)	0	(2.199)
Tekin ný langtímalán		0	350.000	159.368	0	350.000	159.368
Afborganir langtímalána		(584.986)	(684.951)	(869.768)	(1.042.757)	(1.179.238)	(1.629.803)
Fyrirfram innh. tekjur, breyting		(37.577)	0	2.751	(37.577)	0	2.751
Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting		123.683	76.189	(36.587)	0	4.800	0
		(498.880)	(258.762)	(744.236)	(1.082.533)	(824.438)	(1.469.883)
Hækkun handbærs fjár		59.293	150.420	(304.082)	(10.735)	(63.067)	(455.776)
Handbært fé í upphafi árs		1.154.133	702.020	1.458.215	1.832.585	1.380.947	2.288.361
Handbært fé í lok árs		1.213.425	852.440	1.154.133	1.821.850	1.317.880	1.832.585

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð gatna, Fasteignir Akureyrarbæjar og Framkvæmdamiðstöð.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Bifreiðastæðasjóður, Byggingarsjóður Náttúrufræðistofnunar Norðurlands, Félagslegar íbúðir, Framkvæmdasjóður, Gjafasjóður Öldrunarheimila Akureyrarbæjar, Hafnasamlag Norðurlands b.s., Heilsugæslustöðin á Akureyri, Norðurorka hf., Strætisvagnar Akureyrar og Öldrunarheimili Akureyrar.

Ársreikningur Akureyrarbæjar fyrir árið 2014 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning fyrir A og B hlutann.

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir árið 2014 með viðaukum er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi. Samanburð á fjárhagsáætlun með viðaukum við upphaflega fjárhagsáætlun má sjá í skýringu númer 22 í ársreikningnum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna Norðurorku hf. hefur verið endurmetinn sem og lóðir og lendur hjá Eignasjóði gatna.

Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitasjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs gatna, Fasteigna Akureyrarbæjar og Framkvæmdamiðstöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitasjóðs og B hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur sveitarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Viðskiptavild

Viðskiptavild er tilkomin vegna mismunar á kaupverði veitufyrirtækja og matsverði varanlegra rekstrarfjármuna þeirra. Viðskiptavild er niðurfærð á tíu til tuttugu árum.

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

Tekjuskattur

Tekjuskattur vegna skattskyldrar starfsemi Norðurorku hf. er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur í Eignasjóði gatna og veitukerfi og fasteignir Norðurorku hf. eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2009 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs gatna, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirðis, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur Eignasjóðs gatna eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Veitukerfi og fasteignir Norðurorku hf. eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum, en endurmat var framkvæmt á árinu 2009. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Eignarhlutar í félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutar í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Í ársreikningnum eru eignarhlutir í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Eignarhlutar í dótturfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar sveitarfélagsins í bókfæðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé við kaup. Yfirverð er fært meðal viðskiptavildar og er niðurfært á tíu til tuttugu árum. Þar sem starfsemi dótturfélagsins Flokkun Eyjafjörður ehf. er ólík starfsemi móðurfélagsins, Framkvæmdasjóðs, er ársreikningi þess haldið utan við ársreikning móðurfélagsins og ekki gerð samstæðureikningsskil.

Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Sjóðir, bankainnstæður og peningamarkaðslán teljast til handbærs fjár.

Eignir utan efnahagsreiknings

Lönd í eigu aðalsjóðs eru ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2014. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna sé það lægra.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við 5% ávöxtunarkröfu.

Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Engar verulegar ábyrgðir eða skuldbindingar utan efnahagsreiknings eru til staðar hjá sveitarfélaginu aðrar en þær sem getið er um í skýringu nr. 15 varðandi lífeyrisskuldbindingar.

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2014	Fjárhags-áætlun 2014	2014	Fjárhags-áætlun 2014
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Útsvör	7.314.099	7.273.000	7.314.099	7.273.000
Fasteignaskattur	1.219.650	1.242.000	1.158.796	1.181.000
	8.533.749	8.515.000	8.472.895	8.454.000
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Framlag vegna fasteignagjalda	287.338	260.000	287.338	260.000
Þjónustuframlag	201.941	166.000	201.941	166.000
Framlög vegna grunnskóla	542.037	465.000	542.037	465.000
Framlög vegna þjónustu við fatlaða	1.150.870	1.125.000	1.150.870	1.125.000
Önnur framlög	76.122	64.000	76.122	64.000
	2.258.308	2.080.000	2.258.308	2.080.000
Aðrar tekjur				
Þjónustutekjur	1.257.025	1.020.343	4.373.839	4.040.946
Eignatekjur	852.333	833.579	977.223	949.309
Endurgreiðslur	1.025.095	1.046.400	3.201.967	3.271.067
Aðrar tekjur	227.298	263.044	241.557	237.064
	3.361.752	3.163.366	8.794.587	8.498.386
Rekstrartekjur samtals	14.153.809	13.758.366	19.525.790	19.032.386

Álagningarhlutföll	
Útsvar	14,52%
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði	0,38%
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði	1,65%

Skýringar

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2014	Fjárhags-áætlun 2014	2014	Fjárhags-áætlun 2014
Laun	6.268.705	5.939.677	8.381.817	7.961.966
Launatengd gjöld	1.675.708	1.468.082	2.199.427	1.963.724
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	342.549	120.000	441.528	146.068
Eignfærð laun	0	0	(56.567)	0
Laun og launatengd gjöld samtals	8.286.962	7.527.759	10.966.205	10.071.758
Stöðugildi að meðaltali 2014	1.198		1.552	

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 35 milljónum króna á árinu 2014 en námu 33,2 milljónum á árinu 2013.

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	A hluti		A og B hluti	
	2014	Fjárhags-áætlun 2014	2014	Fjárhags-áætlun 2014
Vaxtatekjur	100.380	45.676	172.953	93.538
Arður af eignarhlutum	150.097	156.000	27.851	27.560
Vaxtagjöld	(540.474)	(702.066)	(819.472)	(972.944)
Verðbætur og gengismunur	(5.307)	(503.691)	69.956	(583.204)
Vaxtatekjur frá tengdum félögum	27.153	57.907	0	0
Niðurfærsla hlutabréfaeignar	0	0	(31.074)	0
Eignfærðir vextir og verðbætur vegna framkvæmda	13.175	0	13.175	0
	(254.976)	(946.174)	(566.610)	(1.435.050)

Skýringar

6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags-áætlun
Skatttekjur		11.377.231	11.377.231	11.123.000
Félagsþjónusta	3.852.841	954.672	(2.898.168)	(2.769.856)
Heilbrigðismál	81.269	0	(81.269)	(22.477)
Fræðslumál	6.178.577	741.045	(5.437.532)	(5.211.080)
Menningarmál	875.559	184.213	(691.346)	(686.751)
Æskulýðs- og íþróttamál	2.134.134	493.745	(1.640.389)	(1.605.996)
Brunamál og almannavarnir	362.781	163.280	(199.501)	(192.041)
Hreinlætismál	293.986	235.887	(58.099)	(35.726)
Skipulags- og byggingarmál	129.046	33.861	(95.184)	(99.064)
Samgöngumál	706.148	17.433	(688.715)	(614.319)
Umhverfismál	260.392	8.172	(252.220)	(176.039)
Atvinnumál	168.350	62.543	(105.807)	(91.060)
Sameiginlegur kostnaður	881.211	252.116	(629.095)	(560.827)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	342.549	0	(342.549)	(120.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	32.471	812.187	779.716	913.212
Óvenjulegir liðir	0	0	0	73.000
Aðalsjóður samtals	16.299.312	15.336.384	(962.928)	(76.024)
A-hluta stofnanir:				
Eignasjóður gatna	157.968	211.398	53.429	34.849
Fasteignir Akureyrarbæjar	2.306.305	3.056.341	750.036	62.158
Framkvæmdamiðstöð	440.516	466.115	25.600	15.992
Innri færslur A hluta	(4.104.242)	(4.104.242)	0	0
A hluti samtals	15.099.860	14.965.996	(133.864)	36.975

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags-áætlun
B-hluta fyrirtæki:				
Bifreiðastæðasjóður	25.136	23.813	(1.323)	(1.245)
Byggingasjóður Náttúrufræðistofnunar	(493)	0	493	614
Félagslegar íbúðir	271.949	289.682	17.732	(20.528)
Framkvæmdasjóður	58.201	0	(58.201)	(41.783)
Gjafasjóður Öldrunarheimila Akureyrarbæjar	10.012	3.361	(6.651)	(9.005)
Hafnasamlag Norðurlands b.s.	321.511	431.566	110.055	53.885
Heilsugæslustöðin á Akureyri	609.354	624.767	15.413	(1.144)
Norðurorka hf.	2.263.817	2.925.714	661.896	548.400
Strætisvagnar Akureyrar	203.762	204.815	1.054	7.935
Öldrunarheimili	2.075.994	2.028.194	(47.800)	0
Innri færslur A og B hluta	(1.125.802)	(1.159.931)	(34.129)	(124.800)
A og B hluti samtals	19.813.302	20.337.976	524.675	449.304

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

A hluti

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi og götur	Vélar, áhöld og tæki	Leigðar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	27.398.686	1.463.449	2.164.989	671.491	31.698.614
Endurmat á lóðum og lendum	906.199	0	0	0	906.199
Eignfært á árinu	368.413	276.648	225.349	0	870.409
Selt og aflagt á árinu	0	0	(4.246)	0	(4.246)
Staða í árslok	28.673.297	1.740.097	2.386.091	671.491	33.470.976
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	7.611.706	341.221	1.200.075	315.237	9.468.239
Afskrift ársins	518.619	63.791	158.152	46.219	786.782
Selt og aflagt á árinu	0	0	(2.427)	0	(2.427)
Staða í árslok	8.130.325	405.012	1.355.800	361.456	10.252.594
Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	19.786.980	1.122.228	964.913	356.254	22.230.375
Bókfært verð í árslok	20.542.971	1.335.085	1.030.291	310.035	23.218.382
Afskriftarhlutföll	2,5-4%	4%	5-33,3%	4-13,3%	

A og B hluti

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi, hafnam.virki og götur	Vélar, áhöld og tæki	Leigðar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	30.691.768	15.944.785	2.717.539	671.491	50.025.583
Leiðrétt vegna Norðurorku	0	(427.064)	0	0	(427.064)
Endurmat á lóðum og lendum	906.199	0	0	0	906.199
Eignfært á árinu	400.108	852.127	259.923	0	1.512.158
Selt og aflagt á árinu	(8.551)	0	(4.246)	0	(12.797)
Staða í árslok	31.989.524	16.369.848	2.973.216	671.491	52.004.079
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	9.044.635	6.102.831	1.571.975	315.237	17.034.678
Leiðrétt vegna Norðurorku	0	(230.647)	0	0	(230.647)
Afskrift ársins	605.775	421.278	196.867	46.219	1.270.139
Selt og aflagt á árinu	(3.753)	0	(2.427)	0	(6.180)
Staða í árslok	9.646.656	6.293.462	1.766.415	361.456	18.067.989
Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	21.647.133	9.841.953	1.145.565	356.254	32.990.905
Bókfært verð í árslok	22.342.867	10.076.386	1.206.801	310.035	33.936.090
Afskriftarhlutföll	2-4%	4%	5-33,3%	4-13,3%	

Afskriftir ársins greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Varanlegir rekstrarfjármunir	786.782	1.270.139
Óefnislegar eignir	0	28.661
	786.782	1.298.799

7. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Bókfært verð fasteigna, veitukerfa, hafnamannvirkja og gatna sveitarfélagsins og vátryggingarverðmæti þeirra greinist þannig í árslok:

A hluti	Vátrygginga-mat	Bókfært verð
Leikskólar	1.850.387	705.485
Skólar	10.735.803	4.152.037
Íþróttahús og sundlaugar	10.127.655	3.885.190
Þjónustuhúsnæði	15.026.798	5.507.414
Lóðir og lendur	0	6.588.437
Götur	0	1.349.528
	37.740.643	22.188.091

B hluti	Vátrygginga-mat	Bókfært verð
Veitukerfi	37.974.913	7.855.089
Hafnamannvirki	7.567.597	919.107
Bifreiðastæði	0	50.917
Íbúðir	5.660.081	1.167.170
Þjónustuhúsnæði	2.771.874	548.916
	53.974.465	10.541.198
Samtals A og B hluti	91.715.108	32.729.289

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	2014 Rauntölur	2014 Áætlun	2013 Rauntölur
Fjárfesting A hluta, málaflokkayfirlit:			
Félagsþjónusta	283.644	240.000	146.356
Öldrunarmál	20.020	0	0
Fræðslumál	101.632	30.000	197.999
Menningarmál	1.360	0	13.097
Æskulýðs- og íþróttamál	72.836	204.500	334.752
Bruna- og almannavarnir	0	0	2.950
Samgöngumál	276.648	378.755	135.173
Umhverfismál	41.082	56.245	58.839
Atvinnumál	46.164	0	0
Sameiginlegur kostnaður	2.015	50.000	12.660
Aðalsjóður samtals	845.403	959.500	901.825
A hluta stofnanir:			
Framkvæmdamiðstöð Akureyrar	25.007	35.000	58.064
A hluti samtals	870.409	994.500	959.889

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

	2014 Rauntölur	2014 Áætlun	2013 Rauntölur
B hluta fyrirtæki:			
Bifreiðastæðasjóður	0	5.000	0
Félagslegar íbúðir	22.568	0	14.115
Fráveita	0	0	23.591
Hafnasamlag Norðurlands b.s.	149.365	136.500	117.142
Heilsugæslustöðin	0	0	4.276
Norðurorka hf.	456.705	693.000	610.645
Strætisvagnar Akureyrar	13.111	12.000	2.769
B hluti samtals	641.749	846.500	772.539
A og B hluti samtals	1.512.158	1.841.000	1.732.429

Í eigu sveitarfélagsins eru ýmsir lausafjármunir sem ýmist hafa verið gjaldfærðir eða eignfærðir. Hér er einkum um að ræða áhöld og tæki sem notuð eru við daglegan rekstur stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins. Þessar eignir hafa verið færðar í sérstaka eignaskrá sem er hluti af bókhaldsgögnum sveitarfélagsins.

Tryggingaverð lausafjármuna greinist þannig:

Félagsþjónusta	360.015
Fræðslumál	1.086.482
Menningarmál	951.639
Æskulýðs- og íþróttamál	389.417
Brunamál og almannavarnir	37.810
Skipulags- og byggingarmál	22.023
Samgöngumál	22.746
Umhverfismál	13.074
Atvinnumál	10.984
Sameiginlegur kostnaður	103.579
Eignasjóður gatna	665.676
Framkvæmdamiðstöð	92.866
Hafnasamlag Norðurlands b.s.	161.541
Norðurorka hf.	218.304
Strætisvagnar Akureyrar	211.000
Öldrunarheimili	458.820
	4.805.975

8. Viðskiptavild

	A og B hluti 2014	A og B hluti 2013
Bókfært verð í ársbyrjun	132.655	161.316
Gjaldfærsla ársins	(28.661)	(28.661)
Bókfært verð í árslok	103.995	132.655

Skýringar

9. Eignarhlutar í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum

	Eignarhlutur	Bókfært verð	Fært í rekstrarr.
Eignarhlutar í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum			
Flokkun Eyjafjörður ehf., Akureyri	77,75%	16.209	0
Norak ehf., Akureyri	33,33%	85.622	4.636
Tengir hf., Akureyri	38,41%	110.083	6.744
		211.915	11.380

10. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	A hluti Bókfært verð	A og B hluti Bókfært verð
Eignarhlutar í öðrum félögum			
Greið leið ehf., Akureyri	48,3%		99.423
Hrafnabjargavirkjun hf., Laugum	48,8%		12.452
GPO ehf., Akureyri	5,4%		5.000
Landskerfi bókasafna hf., Reykjavík	2,8%		4.079
Laxá hf., Akureyri	20,8%		29.369
Lánasjóður sveitarfélaga ohf., Reykjavík	5,5%	485.909	485.909
Molta ehf.	15,0%		25.000
NetOrka hf., Hafnarfirði	7,7%		4.864
Dysnes ehf.	20,0%		1.000
Norðurvegur ehf., Akureyri	17,8%		3.000
Tækifæri hf., Akureyri	16,3%		144.797
GÁF ehf.	18,2%		100
		485.909	814.993
Niðurfærsla hlutabréfaeignar		0	(77.188)
		485.909	737.805

11. Langtímakröfur

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Næsta árs afborganir	11.249	0
Afborganir 2016	7.236	0
Afborganir 2017	7.165	0
Afborganir 2018	3.171	0
Afborganir 2019	3.317	0
Afborganir 2020	3.469	0
Afborganir síðar	51.441	696.300
	87.048	696.300
Næsta árs afborganir	(11.249)	0
	75.799	696.300

12. Skattskuldbinding

Skattskuldbinding skiptist þannig:	A og B hluti
Óefnislegar eignir	10.297
Varanlegir rekstrarfjármunir	61.109
Frestaður gengismunur	7.877
Aðrir liðir	6.060
	85.343

Skýringar

13. Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Breytingar á niðurfærslu óinnheimtra skatttekna og viðskiptakrafna greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2014	31.12.2013	31.12.2014	31.12.2013
Staða í ársbyrjun	230.620	269.918	261.943	302.727
Gjaldfærð (-tekjufærð) niðurfærsla á árinu	94.339	(22.789)	106.418	(8.569)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	(15.305)	(16.509)	(29.378)	(32.215)
Staða í árslok	309.653	230.620	338.982	261.943

14. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2014	10.902.123	15.528.754
Endurmat lóða og lendna	906.199	906.199
Aðrar breytingar	0	(164.512)
Rekstrarniðurstaða ársins	(133.864)	524.675
Eigið fé 31.12.2014	11.674.457	16.795.116

15. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar námu skuldbindingar A hluta 1.124,4 millj. kr. og A og B hluta 1.892,3 millj. kr. í árslok 2014 miðað við 2,0% ársvexti umfram áætlaðar launahækkanir upp á 1,5%. Auk þess hefur verið færð hjá A hluta skuldbinding vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að fjárhæð 114,1 millj. kr. í árslok. Breyting skuldbindinganna greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbinding 1.1.2014	1.025.873	1.722.373
Greitt á árinu	(129.885)	(157.464)
Gjaldfært á árinu	342.549	441.528
Lífeyrisskuldbinding 31.12.2014	1.238.537	2.006.437

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2015 - 2029	728.511	1.148.093
Síðar	510.026	858.344
	1.238.537	2.006.437

Til viðbótar við ofangreinda 1.892,3 milljóna króna skuldbindingu Akureyrarbæjar vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar hvíla samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á lífeyrissjóðnum umtalsverðar skuldbindingar eða um 3.144 milljónir króna í árslok 2014 á öðrum stofnunum og fyrirtækjum. Þar er einkum um að ræða opinbera aðila í eigu ríkisins og eru þeir að greiða viðbótarframlög vegna þessa. Þar sem Akureyrarbær ábyrgist allar skuldbindingar sjóðsins samkvæmt samþykktum hans þá er sveitarfélagið í raun líka í bakábyrgðum fyrir þessum öðrum skuldbindingum. Að mati stjórnenda Akureyrarbæjar bera viðkomandi stofnanir og fyrirtæki ábyrgð á sínum skuldbindingum þó ekki hafi verið gengið frá formlegum samningum í því sambandi og því hefur ekkert verið fært í ársreikninginn vegna þessa.

Til viðbótar við ofangreinda 114,1 milljóna króna skuldbindingu Akureyrarbæjar vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hvíla mögulega viðbótar skuldbindingar á Akureyrarbæ hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, einkum vegna verkefna sem fluttst hafa á milli ríkis og sveitarfélaga. Mjög mikil óvissa ríkir um hvort og þá hve miklar þær viðbótarskuldbindingar gætu orðið en unnið er að því að fá niðurstöðu í það mál. Komi til þess að Akureyrarbær þurfi að taka á sig viðbótarskuldbindingar vegna þessa gæti verið um talsverðar fjárhæðir að ræða en vegna mikillar óvissu um þetta mál hefur ekkert verið fært í ársreikninginn vegna þessa.

Skýringar

16. Langtímaskuldir

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2014	31.12.2013	31.12.2014	31.12.2013
Skuldir í EUR	1.092.939	1.430.079	1.625.272	2.280.849
Skuldir í JPY	0	0	67.134	92.328
Skuldir í USD	12.740	17.322	25.480	34.645
Skuldir í ISK	9.607.771	9.753.884	16.024.571	16.235.721
	10.713.450	11.201.286	17.742.457	18.643.543
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(586.437)	(588.492)	(1.105.456)	(1.049.634)
Langtímaskuldir í árslok	10.127.013	10.612.793	16.637.002	17.593.908

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Næsta árs afborganir	586.437	1.105.456
Afborganir 2016	596.512	943.629
Afborganir 2017	587.558	749.873
Afborganir 2018	418.963	2.573.109
Afborganir 2019	376.268	517.213
Afborganir 2020	386.152	519.033
Afborganir síðar	7.761.560	11.334.144
	10.713.450	17.742.457

17. Leigusamningar

Sveitarfélagið hefur gert fimm leigusamninga um fasteignir sem færðir eru til skuldar. Leigusamningarnir eru tengdir vísitölu. Leigusamningarnir greinast þannig:

Leiguskuldir þ.m.t. næsta árs afborgun	622.919
Næsta árs afborgun	(70.598)
Langtímahluti leiguskuldar	552.321

Aðrar upplýsingar um leigusamninga:

	Leigutími	Afvöxtunar-stuðull	Bókfært verð
Furuvellir 1	2007-2017	5%	38.865
Glerárgata 26	2004-2024	5%	272.010
Móasíða 1	2006-2017	5%	27.894
Tröllagil 29	2004-2029	5%	215.242
Bugðusíða 3	2011-2021	5%	68.908
			622.919

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samninga greinast þannig:

Næsta árs afborganir	100.141
Árið 2016	100.141
Árið 2017	81.612
Árið 2018	70.310
Árið 2019	70.310
Árið 2020	70.310
Síðar	302.241
	795.064

Skýringar

18. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Aðalsjóður	100%	14.176.961	3.681.881	10.495.080
Eignasjóður gatna	100%	8.212.672	1.464.619	6.748.053
Fasteignir Akureyrarbæjar	100%	15.273.195	20.928.079	(5.654.884)
Framkvæmdamiðstöð	100%	197.843	111.634	86.209
Innri færslur A hluta	100%	(11.301.858)	(11.301.858)	
A hluti samtals		26.558.813	14.884.356	11.674.457
Bifreiðastæðasjóður	100%	131.258	209	131.049
Byggingasjóður Náttúrufræðistofnunar	100%	11.773	0	11.773
Félagslegar íbúðir	100%	1.272.171	2.200.446	(928.275)
Framkvæmdasjóður	100%	593.362	402.069	191.292
Gjafasjóður Öldrunarheimila Akureyrarbæjar	100%	45.274	727	44.547
Hafnasamlag Norðurlands b.s.	98%	1.184.696	375.969	808.727
Heilsugæslustöðin á Akureyri	100%	19.941	205.425	(185.484)
Norðurorka hf.	98%	11.534.868	5.031.077	6.503.790
Strætisvagnar Akureyrar	100%	64.106	87.940	(23.834)
Öldrunarheimili	100%	156.361	575.361	(419.000)
Innri færslur A og B hluta		(2.435.624)	(1.272.461)	(1.163.163)
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok		39.137.000	22.491.119	16.645.880
Hlutdeild minnihlutaeigenda		259.583	110.348	149.235
Heildarstaða eigna og skulda í árslok		39.396.583	22.601.467	16.795.116

19. Ábyrgðir og önnur mál

Samkvæmt samningi sem gerður var við ríkið á árinu 2010 um byggingu hjúkrunarheimilis annaðist sveitarfélagið framkvæmdir við byggingu 45 rýma hjúkrunarheimilis við Vestursíðu. Sveitarfélagið fjármagnaði framkvæmdir við bygginguna en samningsaðilar gerðu samning um rekstur heimilisins og mun ríkið leigja húsnæðið af Akureyrarbæ til nota fyrir hjúkrunarheimilið. Hlutur ríkisins í framkvæmdakostnaði vegna 85% hluta kostnaðar við byggingu hjúkrunarheimilisins verður greiddur með leigu til 40 ára og hófust leigugreiðslur þegar húsnæðið var tekið í notkun í september 2012. Greidd leiga á árinu 2014 nam 92,2 milljónum króna og áætluð núvirt fjárhæð þeirra leigugreiðslna sem ríkið mun greiða á eftirstöðvum samningstímans vegna byggingarkostnaðarins nemur um 976 milljónum króna í árslok 2014.

Árið 2014 rak Akureyrarbær Heilsugæslustöðina á Akureyri samkvæmt samkomulagi heilbrigðisráðherra og bæjarstjóra en seint á árinu 2014 tók Velferðarráðuneytið yfir rekstur heilsugæslustöðvarinnar. Endanlegt uppgjör milli Akureyrarbæjar og ríkisins vegna reksturs heilsugæslustöðvarinnar undanfarin ár er enn í vinnslu en stjórnendur bæjarins reikna ekki með því að niðurstöður þess muni hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

20. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Öll viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og í viðskiptum við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

Skýringar

21. Yfirlit um lykiltölur

	A hluti		A og B hluti	
	2014	Fjárhags-áætlun 2014	2014	Fjárhags-áætlun 2014
Í hlutfalli við rekstrartekjur:				
Skatttekjur	60,3%	61,9%	43,4%	44,4%
Framlög jöfnunarsjóðs	16,0%	15,1%	11,6%	10,9%
Aðrar tekjur	23,8%	23,0%	45,0%	44,7%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	58,5%	54,7%	56,2%	52,9%
Laun og launat. gjöld án breytinga lífeyrisskuldbindinga	56,1%	53,8%	53,9%	52,2%
Annar rekstrarkostnaður	35,0%	32,1%	31,3%	29,2%
Fjármagnsliðir, nettó	1,8%	6,9%	2,8%	7,5%
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir	95,4%	93,7%	90,3%	89,6%
Rekstrarniðurstaða	-0,9%	0,3%	2,7%	2,4%
Í þúsundum króna á íbúa:				
Rekstur:				
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	593	582	590	579
Aðrar tekjur	185	174	483	467
Rekstrartekjur samtals	778	756	1.073	1.046
Rekstrargjöld, fjármagnsliðir og skattar	785	754	1.044	1.021
Rekstrarniðurstaða ársins (regluleg starfsemi)	(7)	2	29	25

	A hluti		A og B hluti	
Efnahagur:	Árið 2014	Árið 2013	Árið 2014	Árið 2013
Eignir	1.460	1.435	2.165	2.151
Eigið fé	642	603	923	859
Skuldir og skuldbindingar	818	832	1.242	1.292
Aðrar lykiltölur:				
Veltufjárhlutfall	0,94	1,07	1,12	1,20
Eiginfjárhlutfall	0,44	0,42	0,43	0,40
Heildarskuldir og skuldbindingar sem hlutfall af tekjum	105%	111%	116%	125%
Skuldahlutfall skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarf.	95%	100%	105%	112%

21. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

Breyting á íbúafjölda

	2014	2013
Íbúafjöldi 1. desember	18.195	18.073

Heildartekjur sveitarfélagsins og heildargjöld í hlutfalli af heildartekjum greinast þannig, í þúsundum króna, á verðlagi hvers árs.

Tekjur	2014	Hlutfall af heildartekjum	2013	Hlutfall af heildartekjum	2012	Hlutfall af heildartekjum
Útsvör	7.314.099	37,5%	7.044.051	37,6%	6.515.715	37,5%
Fasteignaskattur	1.158.796	5,9%	1.076.627	5,7%	982.140	5,6%
Framlag úr Jöfnunarsj. sveitarf.	2.258.308	11,6%	2.088.616	11,1%	1.925.617	11,1%
Skatttekjur	10.731.203	55,0%	10.209.294	54,5%	9.423.472	54,2%
Þjónustutekjur	4.373.839	22,4%	4.205.173	22,4%	4.226.681	24,3%
Eignatekjur	977.223	5,0%	985.877	5,3%	774.649	4,5%
Endurgreiðslur	3.201.967	16,4%	3.119.343	16,6%	2.738.380	15,7%
Aðrar tekjur	241.557	1,2%	220.877	1,2%	227.271	1,3%
Heildartekjur samtals	19.525.790	100,0%	18.740.564	100,0%	17.390.453	100,0%
Gjöld						
Launaliðir	10.966.205	56,2%	9.813.181	52,4%	9.567.723	55,0%
Annar rekstrarkostnaður	6.111.531	31,3%	5.625.500	30,0%	5.265.292	30,3%
Afskriftir	1.298.799	6,7%	1.303.796	7,0%	1.243.660	7,2%
Fjármagnsliðir, nettó	566.610	2,9%	959.697	5,1%	1.438.135	8,3%
Áhrif hlutdeildarfélaga	(11.380)	-0,1%	(21.683)	-0,1%	(25.181)	(0,1%)
Skattar	69.349	0,4%	110.004	0,6%	100.541	0,6%
	19.001.115	97,3%	17.790.495	94,9%	17.590.170	101,1%
Rekstrarniðurstaða	524.675	2,7%	950.069	5,1%	(199.717)	-1,1%
Í þúsundum króna á íbúa						
Íbúafjöldi	18.195		18.073		17.956	
Heildartekjur	1.073		1.037		969	
Skatttekjur á íbúa	590		565		525	
Launaliðir	603		543		533	
Annar kostnaður og afskriftir	407		383		362	
Fjármagnsliðir, nettó	31		53		80	

21. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

Í þessu yfirliti er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú ár. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þúsundum króna á verðlagi hvers árs.

Aðalsjóður	2014	Hlutfall af skatttekjum	2013	Hlutfall af skatttekjum	2012	Hlutfall af skatttekjum
Skatttekjur	11.377.231	100,0%	10.824.584	100,0%	10.002.197	100,0%
Félagsþjónusta	(2.898.168)	25,5%	(2.617.171)	24,2%	(2.447.151)	24,5%
Heilbrigðismál	(81.269)	0,7%	(21.401)	0,2%	(20.589)	0,2%
Fræðslu- og uppeldismál	(5.437.532)	47,8%	(5.048.794)	46,6%	(4.851.280)	48,5%
Menningarmál	(691.346)	6,1%	(658.870)	6,1%	(709.481)	7,1%
Æskulýðs- og íþróttamál	(1.640.389)	14,4%	(1.563.247)	14,4%	(1.484.362)	14,8%
Brunamál og almannavarnir	(199.501)	1,8%	(210.797)	1,9%	(206.673)	2,1%
Hreinlætismál	(58.099)	0,5%	(72.409)	0,7%	(53.746)	0,5%
Skipulags- og byggingarmál	(95.184)	0,8%	(94.123)	0,9%	(70.261)	0,7%
Umferðar- og samgöngumál	(688.715)	6,1%	(608.407)	5,6%	(531.823)	5,3%
Umhverfismál	(252.220)	2,2%	(211.774)	2,0%	(203.083)	2,0%
Atvinnumál	(105.807)	0,9%	(109.434)	1,0%	(112.788)	1,1%
Sameiginlegur kostnaður	(629.095)	5,5%	(528.721)	4,9%	(424.371)	4,2%
Breyting lífeyrisskuldbindinga	(342.549)	3,0%	7.356	-0,1%	(426.878)	4,3%
Fjármagnsliðir	779.716	-6,9%	928.172	-8,6%	1.050.900	-10,5%
Hagnaður af sölu fráveitukerfis	0	0,0%	1.491.832	-13,8%	0	0,0%
Aðalsjóður samtals	(962.928)	8,5%	1.506.796	-13,9%	(489.389)	4,9%
A hluta stofnanir						
Eignasjóður gatna	53.429	-0,5%	56.912	-0,5%	40.327	-0,4%
Fasteignir Akureyrarbæjar	750.036	-6,6%	308.214	-2,8%	(328.184)	3,3%
Framkvæmdamiðstöð	25.600	-0,2%	31.686	-0,3%	19.172	-0,2%
Sveitarsjóður A hluti	(133.864)	1,2%	1.903.608	-17,6%	(758.074)	7,6%

Skýringar

22. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sem birt er í rekstrarreikningi, sjóðstreymi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins er samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins að teknu tilliti til þeirra viðauka sem gerðir voru vegna ársins 2014. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur.....	8.515.000	0	8.515.000	8.454.000	0	8.454.000
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	2.080.000	0	2.080.000	2.080.000	0	2.080.000
Aðrar tekjur.....	3.163.366	0	3.163.366	8.498.386	0	8.498.386
	13.758.366	0	13.758.366	19.032.386	0	19.032.386
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	7.497.059	30.700	7.527.759	10.041.058	30.700	10.071.758
Annar rekstrarkostnaður.....	4.340.639	75.508	4.416.147	5.473.485	75.508	5.548.993
Afskriftir.....	831.311	0	831.311	1.444.184	0	1.444.184
	12.669.009	106.208	12.775.217	16.958.727	106.208	17.064.935
Rekstrarniðurstaða án fjármuna-tekna og fjármagnsgjalda.....	1.089.357	(106.208)	983.149	2.073.659	(106.208)	1.967.451
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	(946.174)	0	(946.174)	(1.435.050)	0	(1.435.050)
Tekjuskattur.....	0	0	0	(83.097)	0	(83.097)
Rekstrarniðurstaða.....	143.183	(106.208)	36.975	555.512	(106.208)	449.304

23. Samanburður sjóðstreymisáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2014 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins að teknu tilliti til þeirra viðauka sem gerðir voru vegna ársins 2014. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða ársins.....	143.183	(106.208)	36.975	555.512	(106.208)	449.304
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir.....	831.311	0	831.311	1.444.184	0	1.444.184
Verðbætur og gengismunur.....	502.523	0	502.523	696.886	0	696.886
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	1.477.017	(106.208)	1.370.809	2.696.582	(106.208)	2.590.374
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum.....	0	0	0	(10.000)	0	(10.000)
Samtals	0	0	0	(10.000)	0	(10.000)
Handb. fé frá rekstri (til rekstrar)	1.477.017	(106.208)	1.370.809	2.686.582	(106.208)	2.580.374
Fjárfestingarhreyfingar						
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm.....	(994.500)	0	(994.500)	(1.841.000)	0	(1.841.000)
Langtímakröfur, breyting.....	32.873	0	32.873	21.997	0	21.997
Fjárfestingarhreyfingar	(961.627)	0	(961.627)	(1.819.003)	0	(1.819.003)
Fjármögnunarhreyfingar						
Framlög frá eigin fyrirtækjum.....	0	0	0	4.800	0	4.800
Viðsk.st. eigin fyrirt., breyting.....	76.189	0	76.189	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	350.000	0	350.000	350.000	0	350.000
Afborganir langtímalána.....	(684.951)	0	(684.951)	(1.179.238)	0	(1.179.238)
Fjármögnunarhreyfingar	(258.762)	0	(258.762)	(824.438)	0	(824.438)
Hækkun (lækkun) á handb. fé.....	256.628	(106.208)	150.420	43.141	(106.208)	(63.067)
Handbært fé í ársbyrjun.....	702.020	0	702.020	1.380.947	0	1.380.947
Handbært fé í árslok.....	958.648	(106.208)	852.440	1.424.088	(106.208)	1.317.880